

Ed.

69. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Undirritaður minni hluti leggur til, að á frv. verði gerðar þær breytingar, er hér fara á eftir. En verði þær ekki samþykktar, leggur minni hlutinn til, að frv. verði fellt.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „ef breytingunum er svo háttað“ komi: að dómi heim-
spekideildar Háskóla Íslands.
2. Við 2. gr. Fyrri málsgrein greinarinnar orðist á þessa leið:
Til þess að gefa út íslensk rit, sem samín eru fyrir 1400, þarf leyfi kennslu-
málaráðuneytisins, enda skal ráðuneytið leita álits heimspekideildar háskólans,
áður en það veitir slíkt leyfi eða synjar um það.

Alþingi, 19. nóv. 1941.

Árni Jónsson.